

ALMA LASKAPEYSA

ÚR BØRSTET ULD FRÁ HJERTEGARN



ALMA LASKAPEYSA

ÚR BØRSTET ULD FRÁ HJERTEGARN

GARN

Børstet uld (150 metrar, 25% alpakka, 57% ull, 18% nylon,).

7 (7) 8 (9) 10 hnotur. Litur á mynd er 4417.

STÆRÐIR S (M) L (XL) XXL.

UMMÁL Á BRINGU U.p.b. 85 (93) 99 (108) 113 sm.

HEILDARLENGD U.p.b. 59 (60) 61 (62) 63 sm.

PRJÓNAR Hringprjónar og sokkaprjónar nr. 6 og 7.

PRJÓNFESTA 14 lykkjur og 20 umferðir sléttprjón á prjóna nr. 7 = 10 x 10 sm.

Merkihringir
Frágangsnál

BOLUR

Fitjið upp 138 (150) 158 (170) 178 lykkjur á hringprjón nr.6, látið merkihring í byrjun umferðar og prjónið (1 snúin slétt, 1 brugðin) prjónið 69 (75) 79 (85) 89 lykkjur, látið merkihring í stykkið og prjónið út umferðina. (merkihringir = hliðar á peysunni).

Prjónið í hring 6 sm. brugðingu. Skiptið yfir á hringprjón nr. 7 og prjónið slétt.

Þegar búið er að prjóna 5 sm. slétt (eins fyrir allar stærðir) eru teknar úr 2 lykkjur í hvorri hlið þannig:

*þegar komið er fram yfir merkihringinn eru prjónaðar 2 slétt, 2 slétt saman, prjónið þar til 4 lykkjur eru að næsta merkihring, takið 1 lykkju óprjónaða fram af og látið

hana snúið yfir á vinstri prjóninn, prjónið 2 snúið slétt saman, 2 slétt* endurtakið þetta út umferðina.

Endurtakið úrtöku með 5 sm. millibili (eins fyrir allar stærðir) alls 5 sinnum = 118 (130) 138 (150) 158 lykkjur á prjóninum. Þegar bolurinn mælist 37 sm. Er felld af fyrir handvegi: Fellið af 2 (2) 3 (3) 4 lykkjur sitthvoru megin við merkihringinn fyrir handveg = 110 (122) 126 (138) 142 lykkjur á prjóninum. Geymið bolinn.

ERMI

Fitjið upp 30 (30) 33 (33) 33 lykkjur á sokkaprjóna nr. 6. Látið merkihring í byrjun umferðar og prjónið í hring 6 sm. brugðingu (1 snúin slétt, 1 brugðin).

Skiptið yfir á sokkaprjóna nr. 7 og prjónið slétt, í fyrstu umferðinni er lykkjufjöldinn jafnaður í 29 (29) 31 (31) 33 lykkjur (prjónið 2 slétt saman).

Þegar búið er að prjóna 2 sm. slétt er aukið í 1 lykkju sitthvoru megin við merkihringinn endurtakið útaukningu með 2ja sm. millibili þar til 47 (51) 55 (59) 63 lykkjur eru á prjónunum.

Þegar ermin mælist 41 sm. (eða eins og passar) eru felldar af 2 (2) 3 (3) 4 lykkjur sitthvoru megin við merkihringinn. Geymið ermina og prjónið aðra ermi eins.

BERUSTYKKI

Sameinið ermar og bol á hringprjón nr. 7 Látið merkihring í miðju á bakstykkinu = umferðin byrjar hér. Prjónið 1 umferð slétt og látið merkihring í hver samskeyti á bol og ermi = 4 merkihringir.

Gerið laskaúrtöku í næstu umferð þannig: *Prjónið þar til 3 lykkjur eru að merkihring, takið 1 lykkju óprjónaða fram af og látið hana snúið yfir á vinstri prjóninn, prjónið 2 snúið slétt saman, 2 slétt, 2 slétt saman* endurtakið frá * til * allan hringinn og gerið laskaúrtöku í annarri hverri umferð.

Endurtakið laskaúrtöku þar til 41 (43) 43 (45) 45 lykkjur eru í framstykkinu.

Næsta umferð: fellið af 11 (13) 13 (15) 15 lykkjur í miðju á framstykkinu og prjónið út umferðina. Klippið frá.

Byrjið vinstra megin við hálsmálið og prjónið sléttprjón fram og til baka, haldið áfram laskaúrtöku í hverri umferð á réttunni. Fellið af 2,2,1,1 lykkjur í byrjun umferðar frá hálsmáli.


Endurtakið laskaúrtöku þar til búið er að fella af allar lykkjur í framstykkinu. Fellið af lykkjurnar sem eftir eru.

FRÁGANGUR OG HÁLSLÍNING


Prjónið upp um 84 (88) 88 (90) 90 lykkjur meðfram hálsmálinu á hringprjón nr. 6 og prjónið 3 sm. brugðningu (1 snúin slétt, 1 brugðin).

Fellið af með sléttum og brugðnum lykkjum. Saumið handveginn saman og gangið vel frá öllum endum.

Til hamingju með nýju peysuna! 😊



Prjónaferðahólkar



Zing hringprjónar – sitthvor litur í stærð.

Þú færð garn og prjóna í JYSK, Hagkaup, Rokku, Nettó Egilsstöðum ofl. söluaðilum um land allt.

Einnig fæst allt á www.tinna.is

